



## Atvinnuveganefnd Alþingis

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um lagareldi mál nr. 930

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði alþingis, dags. 24. apríl sl. þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um lagareldi, 930. mál.

Fjarðabyggð fagnar að fram er komið frumvarp til laga um lagareldi sem hefur verið í undirbúningi í langan tíma. Áður hefur Fjarðabyggð veitt umsagnir um útgefin gögn sem eru aðdragandi þessa frumvarps. Á það t.d. við um stefnumörkun Matvælaráðuneytisins um uppbyggingu og umgjörð lagareldis til ársins 2040, sem byggði á öðrum gögnum sem áður voru til samráðs s.s. skýrslu Ríkisendurskoðunar um stjórnsýsluúttekt á stjórnsýslu sjókvíaeldis og skýrslu Boston Consulting Group um stöðu og framtíð lagareldis á Íslandi. Þá skilaði Fjarðabyggð einnig umsögn þegar fyrir lágu drög Matvælaráðuneytisins að frumvarpi til laga um lagareldi í samráðsgátt stjórnvalda um síðastliðin áramót.

Fram kemur í greinargerð frumvarpsins að markmið þess er að skapa lagareldi á Íslandi skilyrði til aukinnar verðmætasköpunar með sjálfbæra nýtingu og vistkerfisnálgun að leiðarljósi. Með frumvarpinu er verið að leggja til innleiðingu á aðgerðum sem fram koma í drögum að stefnu fyrir lagareldi sem hafa m.a. það að markmiði að lagareldi verði stjórnað á grundvelli skilgreindra mælikvarða sem koma í veg fyrir að greinin hafi neikvæð áhrif á umhverfi sitt, hvort heldur á vistkerfi eða villta stofna, sem og tryggja að dýravelferð sé með besta hætti á heimsvísu.

Í Fjarðabyggð hefur fiskeldi byggst upp á undanförunum árum og er nú ein af efnahagsstöðum samfélagsins. Sveitarfélagið hefur frá upphafi lagt á það áherslu að áhættu af nýrri atvinnugrein eins og sjókvíaeldi sé stýrt með gerð vandaðra skipulags- og nýtingaráætlana, skilvirku regluverki og eftirliti, gagnsæju verklagi og markvissu samstarfi við fyrirtæki, stofnanir og önnur sveitarfélög. Að þessum markmiðum hefur sveitarfélagið verið að vinna á þeim sviðum stefnumörkunar sem það hefur átt aðkomu að.

Meðfylgjandi eru nokkur atriði sem Fjarðabyggð vill ítreka á þessu stigi samráðs vegna frumvarpsins.

## Samfélagssjóður sjókvíaeldis

Fjarðabyggð fagnar þeirri tillögu sem finna má í frumvarpinu hvað varðar tekjur af samfélagssjóði sjókvíaeldis skv. 81. gr. fari beint til sjókvíaeldisbyggða til innviðaupbyggingar en ekki í samkeppnissjóð eins og raunin er í dag. Tryggja þarf að fyrirsjáanleiki sé í þessum tekjustofni sveitarfélaga og færi betur á því að hlutfall framleiðslugjalds sem renna á í samfélagssjóðinn væri nefnt í lögnum sjálfum í stað greinargerðar. Fjarðabyggð hefur áður veitt umsögn vegna umræðu um reiknireglur um skiptingu úthlutunarfjár sjóðsins og þegar kemur að skiptingu fjármuna þá varar Fjarðabyggð enn og aftur við því að búnir séu til skiptigrundvelli í reglugerð sem byggja á flókinni upplýsingaöflun á óskilgreindum forsendum. Fjarðabyggð leggur áherslu á að fjármunir renni til sveitarfélaga þar sem sjókvíaeldið er stundað.

## Eftirlit, stjórnsýsla og menntun

Fjarðabyggð leggur ríka áherslu á að störf í eftirliti, vöktun og rannsóknum séu staðbundin og unnin í námunda við eldið. Með því að vinna störf in á þeim svæðum sem starfsemin fer fram getur það leitt til



viðbragða sem eru sneggri og þéttari og þar með árangursríkari. Vinna í kjölfar skýrslu Ríkisendurskoðunar og í umfjöllun stjórnskipulags- og eftirlitsnefndar kom fram mikilvægi þess að efla starfsstöðvar í nálægð við fiskeldið og að það myndi efla sjálfstæði eftirlitsaðila gagnvart eftirlitsskyldum aðilum og styrkja eftirlit á svæðunum. Í skýringum með drögum er farið yfir aukningu á ljárveitingum til uppbyggingar mannaúðs hjá eftirlitsaðilum og leggur Fjarðabyggð á það þunga áherslu að sá mannaúður og starfsemi á vegum eftirlitsstjórnvalda verði á svæðum þar sem sjókvíaelði er staðsett.

Aðgengi og uppbygging menntunar í nærumhverfi fiskeldisins skiptir miklu máli og er hluti af þeim jákvæðu samfélagslegu áhrifum sem af ungum atvinnugreinum eins og fiskeldi getur hlotist. Horft er til þess að eitt af markmiðum Umhverfissjóðs sjókvíaeldis sé að efla menntun á sviði sjókvíaeldis. Mikilvægt er að hafa í huga að samkvæmt frumvarpinu á að ráðstafa um 80% af ljármunum umhverfissjóðsins til Hafrannsóknarstofnunar en mikilvægt er að ljárhagslegt svigrúm til uppbyggingar menntunar tengt atvinnugreininni sé elft. Fjarðabyggð leggur áherslu á að nám verði staðsett í þeim landshlutum þar sem sjókvíaelði fer fram og að framhaldsskólar sem þar starfa verði eflir með auknu námsframboði þessu tengt og tryggt aðgengi að ljármögnun sem því þarf að fylgja. Vill Fjarðabyggð vekja sérstaka athygli á að í sveitarfélaginu er Verkmenntaskóli Austurlands staðsettur og þar hefur verið unnið að skoðun brauta sem tengst gætu fiskeldi. Mikilvægt er að ljármunum sem ráðstafað er úr umhverfissjóði sjókvíaeldis til eflingar menntunar verði veitt til menntastofnana í þeim landshlutum þar sem sjókvíaelði fer fram. Þannig myndi það leiða til þróunar náms í nálægð við atvinnugreinina og skapa nýjar leiðir til menntunar á Austurlandi.

## Þróun og nýsköpun

Mikilvægt er að hafa í huga að regluverk varðandi útboð eldissvæða verði skýrt sem fyrst fyrir þau svæði sem ekki þegar eru með úthlutuð leyfi í tíð eldri reglna. Fyrir liggur strandsvæðaskipulag sem m.a. tekur til Mjóafjarðar og hafa bæði íbúar í Mjóafirði sem og bæjaryfirvöld í Fjarðabyggð lagt á það áherslu að umgjörð fyrir úthlutun leyfa verði skýrð sem allra fyrst.

Möguleikar fyrir landeldi s.s. seiðaeldis í Fjarðabyggð gætu skapast í framtíðinni t.d. við framleiðslu á rafeldsneyti þar sem talsvert magn af heitu vatni fellur til samhliða slíkri framleiðslu. Slíkt eldi væri hluti af nýsköpun sem gæti sprottið upp í tengslum við það sjókvíaelði sem þegar er á svæðinu og mikilvægt að lög um lagareldi skapi eðlilega umgjörð um slíka þróun.

Þá hvetur Fjarðabyggð til að settar verði skýrar reglur um ræktun þörunga hvort sem um ræðir smáþörunga eða stórþörunga og tryggt sé að slík ræktun geti orðið hluti af ræktun innan eldissvæða.

## Áhrif reglugerða

Við yfirferð á frumvarpinu þá er ljóst að ýmislegt mun verða ákvarðað í reglugerðum. Má þar nefna atriði sem snúa að útgáfu rekstrarleyfa, merkingar á fiskum, fôðurnotkun, endurnýjun eldisbúnaðar, úttekt á sjókvíaeldisstöðvum og landeldisstöðvum, eftirlit með starfsemi sjókvíaeldisstöðva og landeldisstöðva, flutning eldistegunda milli sjókvíaeldisstöðva og landeldisstöðva, skyldu til notkunar ófjós fisks, skiptingu ljár úr samfélagssjóðis sjókvíaeldis o.fl. Þá er einnig í frumvarpinu heimild gefin til matvælastofnunar að setja svæðis- eða tímabundnar reglur á grundvelli reglugerða. Það skapar ákveðna erfiðleika að ná fram heildstærði mynd af áhrifum frumvarpsins. Mikilvægt er að hafa í huga að nú þegar er sjókvíaelði mikilvæg atvinnugrein í mörgum samfélögum og þessi óvissa við mat á áhrifum lagasetningar er óheppileg fyrir upplýsta umræðu um áhrif á samfélög og byggðaþróun. Hafa verður í huga að náttúra, samfélag og vistkerfi fjarða er samofið uppbyggingu og þróun atvinnugreinarinnar. Það er því mikilvægt að eins og frekast er kostur verði upplýst um áherslur í reglugerðum við meðhöndlun frumvarpsins á Alþingi.

## Niðurlag

Fjarðabyggð  
Hafnargötu 2  
730 Fjarðabyggð

Sími 470 9000  
www.fjardabyggd.is  
kt.470698-2099

Mjóifjörður  
Norðfjörður

Eskifjörður  
Reyðarfjörður

Fáskrúðsfjörður  
Stöðvarfjörður

Breiðdalur



Fjarðabyggð lýsir yfir fullum vilja til þess að koma að áframhaldandi vinnu um framtíð lagareldis, enda eins og áður sagði greinin þegar orðin ein af efnahagsstoðum samfélagsins í Fjarðabyggð. Þétt samstarf við sveitarfélögin er forsenda þess að komið verði á kerfi sem styður við markmið um aukna verðmætasköpun með sjálfbæra nýtingu og jákvæð áhrif að leiðarljósi. Fjarðabyggð óskar eftir því að fá tækifæri til að gera frekari grein fyrir sínum áherslum á fundi með atvinnuveganefnd.

Fh. Fjarðabyggðar

Jóna Árný Þórðardóttir  
bæjarstjóri